

88 frá 14. jan. 1911 til 14. jan. 1912, sem hefir fallið í gjalddaga síðarnefndan dag,
 22. okt. þaræð tilboðið er orðið til eftir þann tíma. Annars framfærðist barnið ekki á vegum Stafholtstungnahrepps, sem aðeins samkvæmt skyldu sinni greiddi meðlagsfúlguna samkvæmt 9. gr. fátækralaganna. Rjettur framfærslusveitar barnsföður gagnvart óskilgetnu barni nær ekki lengra en barnsföðurins sjálfs, en hann hefir ekki rjett til að ráða verustað þess nema í þeim tilfellum, sem um getur í 11. gr. fátækralaganna, en samkvæmt 15. gr., 2. málsg. sömu laga, hefir barnsmóðirin rjett til að hafa barn sitt hjá sjer og ráða verustað þess, og þessum rjetti gat Saurbæjarhreppur ekki svift hjer umrædda barnsmóður, sem einnig hafði rjett, án tillits til hreppsnefndar Saurbæjarhrepps, að ráða sínum eigin verustað.

Úrskurð yðar ber því að staðfesta, en þó þannig, að hreppsnefnd Saurbæjarhrepps greiði hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps 5% ársvexti af meðlagsupphæðunum alt til borgunardags þeirra til yðar. Og meðlagsfúlguna alla ásamt þannig reiknuðum vöxtum annist þjer um, að hreppsnefndin greiði án tafar.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til birtingar fyrir hreppsnefnd Saurbæjarhrepps.

89 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Bryndísar Ólafíu
 21. ágúst. Jónsdóttur«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 21. ágúst 1917.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Minningarsjóð Bryndísar Ólafíu Jónsdóttur“.

Guðmundur Ólafs og kona hans Ragnhildur Brynjólfsdóttir Olafs, til heimilis í Nýjabæ, Seltjarnarnesi, Kjósarsýslu, gefum kr. 2000.00,— tvö þúsund krónur — til minningar um Bryndísi Ólafíu Jónsdóttur, sem var fædd 15. júní 1891 að Mels húsum í Seltjarnarneshreppi, dáiñ 17. desember 1897, barn skipstjóra Jóns Jónssonar og konu hans Guðrúnar Brynjólfsdóttur frá Meðalfellskoti í Kjós. Sjóðurinn skal bera nafn hennar.

Sjóðnum skal þannig varið:

Stofnfje sjóðsins, kr. 2000.00 er lagt inn í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands með þeim skilmálum, að $\frac{1}{5}$ — einn fimti hluti — vaxtanna leggist ávalt við höfuðstólinn, en $\frac{4}{5}$ — fjórir fimtu hlutar — falli árlega til útborgunar. Skal þeim árlega varið til að styrkja fátækar, síðprúðar stúlkur, sem hafa hæfileika og

menningarþrá samkvæmt vottorðum frá sóknarpresti sínum og kennara, enda sjeu þær fæddar, uppaldar og til heimilis í Kjósarhreppi, og sjeu eigi yngri en 16 ára. **89** 21. ágúst.

Þegar arður sjóðsins nemur meiru en 200 kr. árlega, má hann skiftast meðal fleiri, en til þess tíma má eigi veita nema einni á ári.

Sjóður þessi er stofnaður 15. júní 1917 og skal honum stjórnað af þrem mönnum, sem eru sýslumaður Kjósarsýslu, sóknarprestur Kjósarprestakalls og oddviti Kjósarhrepps, og gjörir stjórnin árlega reikning, er hún birtir á þann hátt, er henni þykir við eiga.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Nýjabæ, 15. júní 1917.

Ragnhildur Brynjólfsdóttir Ólafs. Guðmundur Ólafs.

Reglugjörð

90
5 septbr.

um notkun mjölvöru og um sölu á landssjóðs sykri.

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfuófriðnum, eru sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Hveiti mega bakarar aðeins nota til að baka súrbrauð, franskbrauð, vanalegar tvíbökur, algengar bollur, hart brauð (kringlur og skonruk) og svokallaða snúða. Ekki mega heldur aðrir nota hveiti til baksturs til sölu, annars en þess, er að framan getur. Þó mega kaffihús baka og selja gestum sínum til neyslu á veitingastofunni pönnukökur, jólakökur og sódakökur.

2. gr.

Bannað er að nota rúg og rúgmjöl, hveiti og haframjöl til skepnufóðurs.

3. gr.

Sykur þann, sem landsstjórnin útvegar og selur kaupmönnum eða fjelögum til útsölu til almennings eða fjelagsmanna, mega þeir eða þau aðeins selja út aftur gegn afhendingu sykurseðla og með því verði sem stjórnarráðið hefir